

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Reykjanesbæ.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkti á fundi sínum þann 6. febrúar 2001 tillögu að breytingu á deiliskipulagi lóðar nr. 18 við Grófina í Keflavík, Reykjanesbæ.

Breytingartillagan gerir m.a. ráð fyrir stækkun á byggingarreit að Grófinni 18C og breytingu á aðkomu að Grófinni 18A og 18B.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjanesbæ, 24. janúar 2002.

Ellert Eiríksson bæjarstjóri.